

- 1.2. Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ. e. af línulögn, spennni, strengjum o. s. frv.
- 1.3. Notandi greiðir fyrir varatenginguna fast gjald á ári, sem er það sama og lágmarksgjald á marktaxta fyrir 4 kW, óháð orkunotkun. Fyrir hverja kWh sem notuð er skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 7. maí 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 252

5. maí 1986

REGLUR

um tollmeðferð sendibifreiða samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.41.

1. gr.

Bifreið telst því aðeins sendibifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.41 að hún sé undir 3 tonnum að burðarþoli, yfirbyggð og gerð til flutnings á varningi og fullnægi að öðru leyti eftirfarandi skilyrðum:

1. Að í bifreiðinni sé aðeins sæti fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hlið hans.
2. Að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurými með gólfrými sem sé 95 cm eða lengra og í því engin sæti, hvorki föst né laus eða nokkur annar umbúnaður ætlaður til að festa sæti eða annan útbúnað til flutnings á fólki.
3. Að ekki séu gluggar á hliðum bifreiðarinnar fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra eða farþega við hlið hans.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numdar reglur nr. 183 24. júní 1974 um sama efni svo og reglur nr. 572/1981 um breyting á þeim og skal kvöðum sem þinglýst kann að hafa verið á bifreiðar í samræmi við þær reglur skilyrðislaust af þeim létt.

Fjármálaráðuneytið, 5. maí 1986.

F. h. r.

Sigurgeir Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.